

Reglugerð um Hvatningarverðlaun UMFÍ

1. Hvatningarverðlaun UMFÍ eru viðurkenning sem veitt er á Sambandsþingi UMFÍ og á Sambandsráðsfundi UMFÍ það ár sem Sambandsþing er ekki haldið.
2. Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.
3. Heimilt er að veita allt að 3 viðurkenningar hverju sinni.
4. Hvatningarverðlaun UMFÍ getur hlotið sambandsaðili, aðildarfélag sambandsaðila, deild innan aðildarfélags eða einstaklingur innan aðildarfélags.
5. Hvatningarverðlaunin eru viðurkenningarskjal og fjárupphæð sem stjórn ákveður hverju sinni. Ef verðlaunahafi er einstaklingur fær félag viðkomandi einnig viðurkenningarskjal.
6. Skrifstofa UMFÍ skal auglýsa eftir tillögum að hvatningarverðlaunum meðal sambandsaðila eigi síðar en sex vikum fyrir Sambandsþing eða Sambandsráðsfund. Hver sambandsaðili getur skilað inn allt að fimm tillögum.
Tillögur skulu hafa borist skrifstofu UMFÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir Sambandsþing eða Sambandsráðsfund.
7. Stjórn UMFÍ ákveður hverjir hljóta hvatningarverðlaun hverju sinni og ræður einfaldur meirihluti. Stjórn UMFÍ getur einnig að eigin frumkvæði veitt hvatningarverðlaun án tilnefningar.
8. Listi yfir handhafa hvatningarverðlauna UMFÍ ásamt stuttri lýsingu verkefnis skal ætíð vera aðgengilegur á heimasíðu UMFÍ.